



# BRÚIN

Félag Íslendinga í  
Luxembourg

6. tbl. 2008 - 18. árg.

Nóvember 2008

## Íslenskuskólinn

Íslenskuskennsla fyrir börn sem ekki eru í Internationalskólanum í Luxembourg hófst í ERNSTER laugardaginn 4. nóvember síðastliðinn (skólinn er á horni rue de 'École og rue du Gruenewald).

Kennt er á laugardögum kl. 11:00 til 12:00

Kennsludagar á haustönn 2008

6. desember 2008  
13. desember 2008  
20. desember 2008

Kennari er Elsa D. Kjartansdóttir Sími 26 684 323 Gsm 621 572 779 E-mail [elsakja@simnet.is](mailto:elsakja@simnet.is) Eftir áramót hefst kennsla þann 10. janúar.

Kennsla í Internationalskólanum hófst 19. september síðastliðinn. Kennt er á miðvikudögum fyrir nemendur í 1. - 5. bekk, klukkan 14:20 til 15:50.

Kennsludagar á haustönn 2008

25. nóvember 2008  
3. desember 2008

Kennari er Dagný Broddadóttir Sími 26 311 781 Gsm 621 541 292 E-mail [dagny@vma.is](mailto:dagny@vma.is) Eftir áramót hefst kennsla þann 14. janúar.

Stjórn FÍL

## Ísland - Jólaflyg

Iceland Express verður með tvö jólaflyg til Luxembourg.

Flogið 19. desember 2008 og svo aftur þann 3. janúar 2009. Kíkið á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

Tilkynning frá Iceland Express



Velkomin um borð  
Iceland Express - Þú ert heima

## Guðspjónusta

Næsta guðspjónusta verður 21. desember 2008 kl. 14:00 í kirkju Mótmælenda 5 rue de la Congrégation í Luxembourg.



Sr. Sigurður Arnarson mun predika. Kirkjunefndin

## Jólaball FÍL

Jólaball FÍL verður haldið þann 26. desember næstkomandi í salnum "Am Sand" í Niederanven kl. 14:00.

Dansað verður í kringum jólatréð að venju og börnin fá jólapokann sinn. Félagsmenn eru hvattir til að koma með kökur eða gott meðlæti á hlaðborðið.



Stjórn FÍL

## Jólahlaðborð



Hið árlega jólahlaðborð á Arizona Lounge verður föstudagskvöldið 5. desember og 12. desember 2008. Húsið opnar með fordrykk kl. 19:00, hlaðborð opnar kl. 20:00. Píanistinn Leo Castellano leikur dinner tónlist.

Verð á mann er 55 €, sæta-pantaniir í s. Arizona 26 701 490, Sigrún 621-192 422, Dögg 621-273 925 eða senda e-mail á [arizonalounge@hotmail.com](mailto:arizonalounge@hotmail.com)

Arizona Lounge

## Basar International

Basarhelgin í ár er 29. - 30. nóvember og er opið frá kl. 12:30 til 19:00 á laugardeginum og frá kl. 10:00 til 18:00 á sunnudeginum.

Íslenski basarinn verður með svipað vöruúrval og undanfarin ár en helstu nýjungar eru lopavörur frá Farmers Market, handgerðir íslenskir lopaskartgripir eftir Hjördísi Pálmarsdóttur, heima-bakaðar flatkökur og kleinur.

Forsala fyrir helgina verður hjá Hjördísi Ingvarsdóttur, 46 rue Scheiffeschgaard, Canach fimmtudaginn 27. nóvember frá 15:00 til 21:00 og svo fyrir þá sem ekki komast um helgina, þá verður eftirsala hjá Hjördísi á mánu-deginum 1. desember frá klukkan 14:00 til 17:00.

Í forsölu er upplagt að kaupa malt og appelsín, sælgæti og fleira, máta peysur og annan fatnað í rölegheitum og komast þannig hjá örtróðinni á Basarum sjálfum. Munið að fyrstir koma fyrstir fá.

Allur ágóði Basar International rennur til líknarmála.

Vakin er athygli á því að nefndina vantar fólk í afgreiðslustörf um basarhelgina.

Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast hafið samband við nefndarmeðlimi við fyrsta tækifæri.

Basarinn er að venju í sýningarhöllinni LUXEXPO í Kirchberg, sem er við hliðina á Auchan og Utopolis bíóinu.

Í basarnefnd eru:

Herdís Þórisdóttir (Dísa), formaður, s. 350 206, 621 376 290  
Ingunn Guðmundsdóttir, gjaldkeri, s. 691 741 858

Guðný V. Benediksdóttir, (inn-kaupastjóri), s. 661 200 206  
Hjördís Ingvarsdóttir, s. 621 485 563  
Tekla Skowronski, s. 455 721  
Laufey Vilhjálmisdóttir, sími 26 747 901, 621 633 934  
Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir, s. 26 785 903, 691 964 040

Basarnefndin

## Í þessu blaði:

Íslenskuskólinn	1
Basar International	1
Guðspjónusta	1
Jólaball FÍL	1
Jólahlaðborð Arizona	1
Jólaflyg Iceland Express	1
Presturinn okkar	2
HBS meðferð í Lux	2
Nei - Aarbecht Foyer	2
Blómadröpar - námskeið	2
Echternachganga FÍL	2
Rúna - málverkasýning	3
Aðalfundur Spuna	3
Tónleikar, handbolti, kvikmyndir	3
Kór, kvöldverður, kirkjunefnd	4
Íslensku jólabækurnar	4
Rúna og verk í vini	4
Ráðagóðahornið	5
Skata og hangikjöt	5
Tilkynning	5
Klæðskeri og kjólahönnuður	5
Skandinavien Day	5
Fæðingar í Luxembourg	5
Litlu dálkarnir	6



### Á döfinni:

- Íslenskuskólinn
- Íslensku jólabækurnar
- Basar International 29. nóv.
- Höfuðbeina- og spjaldrhyggsmeðferð
- Blómadröpar, námskeið
- Stuttmyndahátið 29.nóv - 6.des.
- Handbolti í Koblenz 30. nóv. 08
- Jólahlaðborð Arizona
- Fiskbillinn 13. des. 2008
- Tónleikar 18. des 2008
- Jólaflyg Iceland Express
- Guðspjónusta 21. des. 2008
- Jólaball 26. des. 2008
- Thorunn & Hjaltaín? 14. jan. 09
- Þorrablót, óstaðfestur tími

Aðstoð vantar við basarstörf og við undirbúning og vinnu á jólaballinu.



## Presturinn okkar

Í kirkjum Íslands og margra annarra landa eru messur flesta sunnudaga. Í mörgum kirkjum eru auk þess reglulegar kyrrðar- og bænastundir. Þangað getur verið gott að leita í önnum dagsins eða á erfiðum tímum, eiga kyrra stund og fela Guði áhyggjur sínar.

Presturinn í Lundúnum þjónar Íslendingum í Luxembourg og heimsækir þá að jafnaði fjórum sinnum á ári ásamt því að sinna fyrirspurnum í síma og vera í e-mail sambandi.

Á tímum umróts í lífi fólks er mikilvægt að hafa einhvern að tala við. Allir prestar kirkjunnar eru til viðtals og veita slíka samtalsþjónustu.

Í mörgum kirkjum er boðið upp á námskeið og fyrirlestra um fjölskyldulíf, fjármál, grunngildi og það að takast á við tilveruna og áföll í viðum skilningi. Þeir eru auglýstir á vef kirkjunnar [www.kirkjan.is](http://www.kirkjan.is), á vefjum kirknanna og í fjölmiðlum.

Stuðningur Fjölskylduþjónustu kirkjunnar veitir viðtalsþjónustu við allar fjölskyldur í erfiðleikum. Sími +354-528-4300.

Vefur [www.kirkjan.is/fjolskylduthjonustan](http://www.kirkjan.is/fjolskylduthjonustan). Innanlandsaðstoð hjálparstarfs kirkjunnar veitir félagslega og fjárhagslega aðstoð, meðal annars með matarúthlutun. Sími +354-528-4400. Vefur [www.help.is](http://www.help.is).

Þá skal einnig bent á Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Hún veitir fólki sem komið er í þrot með fjármál sín endurgjaldslausa ráðgjöf. Sími +354-551-4485. Vefur [www.rad.is](http://www.rad.is).

Hvað get ég lesið? Á vefnum [www.tru.is](http://www.tru.is) er hægt að nálgast bænir og ritningarlestra sem tala inn í ólíkar aðstæður. Í Sálmbók kirkjunnar [www.tru.is/salmabok](http://www.tru.is/salmabok) er að finna huggunarorð og bænavers.

Sr. Sigurður Arnarson 10.10.2008

Íslenskir ríkisborgarar sem búsettir eru erlendis, ferðamenn, námsmenn og aðrir leita nú í auknum mæli til borgaraþjónustu utanríkisráðuneytisins.

Vill sendiráðið benda Íslendingum á að leiðbeiningar fyrir íslenska ríkisborgara sem lenda í vanda eða neyð erlendis er að finna á vefsíðunni <http://www.utanrikisraduneyti.is/>

Á þeirri síðu er einnig að finna krækju á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins sem hefur opnað þjónustuver fyrir Íslendinga <http://felagsmalaraduneyti.is/upplysingar>

Samband við borgaraþjónustu utanríkisráðuneytisins næst í síma +354-545-9900, á skrifstofutíma vegna almennra mála en þess utan fæst samband við vakthafandi fulltrúa vegna neyðartilvika. Námsmönnum er bent á að fylgjast með upplýsingum hjá Lánasjóðnum á [www.lin.is](http://www.lin.is).

Íslendingar geta einnig leitað til sendiráðsins í London og starfsfólks þess ef vandi steðjar að og hringt í síma + 44 (0) 20 7259 3999

Sigurður Arnarson

Prestur Íslenska safnaðarins í Lundúnum/Chaplain  
Íslenska sendiráðinu í Lundúnum/Embassy of Iceland in London  
2A Hans Streey,

SW1X 0JE, London, England

Tel: +(44) 207 259 3999

FAX: +(44) 207 245 9649

E-Mail [chaplain@utni.is](mailto:chaplain@utni.is)

## HBS meðferð í Lux



Stefanía Ólafsdóttir býður upp á meðferð í Höfuðbeina- og spjaldhryggisjöfnun eða Cranio Sacral Therapy í skólasalnum í Ernster, Luxembourg dagana 21. nóvember til 1. desember næstkomandi.

Þessi meðferð er mjög áhrifarík og vinnur með allt kerfið okkar, líkama og sál. Aðalmarkmiðið er að koma á og viðhalda heilbrigði og jafnvægi á öllum sviðum.

Meðferðin hefur áhrif m.a. á stoðkerfið, taugakerfið, blóðrásarkerfið, ónæmiskerfið, bandvefi og innri líffæri að ógleymdu vökva- og orkuflæði líkamans.

Kemur að sérlega góðum notum fyrir börn og ungabörn, t.d. vegna vandamála sem varða, magakveisu, eyrnabólgu, kirtlavandamál eða misþroska vegna truflana sem tengjast miðtaugakerfinu, kviða og svefntruflana og fyrir konur sem eru að jafna sig eftir meðgöngu og fæðingu eða keisaraskurð, fæðingarþunglyndi eða samgröninga.

Of langt mál er að telja allt upp en vert er að nefna algenga kvilla nútímans, s.s. gigt, streitu, háls-, höfuð- og bakverki, vöðvabólgu, þunglyndi og önnur sálar- og líkamleg mynstur. Hentar öllum frá vöggu til grafar.

Tímabantanir og nánari upplýsingar eru veittar í síma +354 517 4290 eða +354 868 2880 og +352 621 410 678

[nyjaland@gmail.com](mailto:nyjaland@gmail.com)

[www.nyjaland.net](http://www.nyjaland.net)

Stefanía Ólafsdóttir

## Höfundur ókunnur

Hugarvíl og harmur dvín,  
er horfi ég á frúna.

Hún er eina eignin mín,  
sem ekki rýrnar núna.

## Echternachganga FÍL

Echternachtganga félagsins var haldin laugardaginn 20. september síðastliðinn og var mæting mjög góð. Gestir gæddu sér á grilluðum pylsum og íslensku sælgæti á eftir.

Börnin skemmtu sér vel á margs konar tækjum og tólum og veðrið allir voru ánægðir með hvað veðrið var gott.

Stjórn FÍL



## Jólaball FÍL 2008

Stjórn FÍL mun halda hið árlega jólaball þann 26. desember næstkomandi í salnum "Am Sand" í Niederaanven. Húsið opnar kl. 14:00.

Eins og áður óskar stjórnin eftir aðstoðarfólki enda verkefnið mörg og má til dæmis nefna aðstoð við að skreyta salinn, kakógerð, afgreiðslustörf og ýmislegt fleira.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna sig hjá stjórnarmeðlimum, sjá á bls. 4.

Stjórn FÍL

## Nei-Aarbecht Foyer

### Góðgerðarmálefni

Ekki henda húsgögnum og heillegum hlutum heldur hringið í neðangreinda aðila og þeir koma og sækja það sem þið viljið losna við.

Fólk sem hefur misstigið sig í lífinu fær þarna tækifæri til að nýta tímann í að gera við, hreinsa hlutina og/eða taka þá í sundur til að búa til eitthvað nýtleigt og peningar sem koma inn eru gefnir í góðgerðarmálefni.

CNDS-NEI-AARBECHT FOYER HELMDANGE

181 ROUTE DE LUXEMBOURG

L-7374 HELMDANGE

Tel. 33 22 59

Vcard ONG, Associations caritatives

## Blómadropar - Námskeið



Námskeið í blómadropum verður haldið laugardaginn 29. nóvember næstkomandi í skólasalnum í Ernster Luxembourg frá kl. 10:00 til 16:00.

Það sem kennt er: Hvað eru blómadropar? Hvernig eru þeir búnir til? Hverjir geta notað blómadropa? Hvaða árangurs er að vænta af blómadropanotkun? Hvernig velur maður blómadropa? Hvernig notar maður pednúl? Hugleiðsla.

Blómadropar er vökvi sem ber með sér krafta og eiginleika hvers og eins blóms eða plöntu. Þeir hjálpa okkur að ná tengslum sem tapast hafa vegna viðbragða okkar við erfiðleikum lífsins. Líkt og matur nærir líkama okkar næra blómadroparnir sál okkar og bæta þannig tilfinningalegt, líkamlegt og sálfræðilegt jafnvægi og vellíðan.

Hver sem þarfnast hjálpar má nota blómadropa frá 0-99 ára. Þeir eru fullkomlega öryggir við hvaða aðstæður sem er.

Edward Bach uppgötvaði að blómadropar gagnast við sorg, áhyggjum og áreiti, þeir gefa okkur von, orku og huggun. Blómadropar leiða heilandi kærleiksríkan kraft sem umvefur líkama okkar og sál.

Skráning í +354 517 4290 og +354 868 2880 og +352 621 410 678

[nyjaland@gmail.com](mailto:nyjaland@gmail.com)

[www.nyjaland.net](http://www.nyjaland.net)

Stefanía Ólafsdóttir



## Málverkasýning Rúnu



Guðrún Benedikta Elíasdóttir "RÚNA" opnaði málverkasýningu sína "Emotional Landscapes" í Gallery Korschthaus beim Engel í Luxembourg föstudaginn 17. október síðastliðinn.

Gallerið er rekið af menningarmálaráðuneyti Luxembourgar og er í hjarta gamla bæjarhlutans.

Þetta var þrettánda einkasýning Guðrúnar og sú fyrsta á þessu ári en sýnd voru yfir þrjátíu málverk, ýmist unnin með akrýl eða Patine au vin.



Sýningin stóð til 9. nóvember og var vel sótt.

Með Rúnu á meðfylgjandi mynd er Berglind Ómarsdóttir sem hannaði kjólinn sem Rúna klæddist í opnunarboðinu.

Ritstjóri

## Börnin og lífið

4 ára gamall drengur átti gamlan herramann að nágranna sem hafði nýlega misst konuna sína.

Þegar hann sá gamla manninn gráta, fór litli drengurinn inn í garð herramansins, klifraði upp í kjöltu hans og bara sat þar.

Þegar móðir hans spurði hann hvað hann hafði sagt við gamla manninn svaraði hann: "Ekkert. Ég bara hjálpaði honum að gráta?"

Það er fyrst þegar ekkert er eftir nema Guð, að við gerum okkur ljóst að Guð er allt sem við þurfum.

Förum með örstutta bæn í huganum fyrir hvoru öðru og höldum hamingjusöm og full ástar út í lífið.

Netið / Börnin

## Handbolti

Þann 30. nóvember næstkomandi kl. 15:00 fer fram handboltaleikur á milli Íslands og Þýskalands í Sporthalle Operwerth in 56075 Koblenz, Jupp - Gauchel - Str.10, statt.

Fréttatilkynning

## Aðalfundur Spuna

Leikklúbburinn Spuni hélt árlegan aðalfund sinn í Top Squash 21. október síðastliðinn og var máturela fámenn.

Formaðurinn sagði á látlausan hátt frá starfsemi liðins félagsárs, sem var nánast engin. Þó hafði stjórninni tekist að halda nokkra fundi og endurskrá félagið sem löglegt a.s.b.l. félag í landinu og er það mjög til bóta, það er nú hægt að fletta okkur upp á heimasíðu Chambre de commerce du Luxembourg, - gerum við ráð fyrir. Einnig hefur verið í athugun að fá hingað íslenskt leikrit en samningar eru enn á frumstigi. Ritari las fundargerð síðasta aðalfundar. Kenndi þar margra góðra áforma, sem hefur að vísu ekki verið framkvæmt ennþá, en ekki er öll nótt úti enn, þau voru einfaldlega flest færð yfir á núverandi starfsár í áframhaldandi umræðu. Gjaldkeri lagði fram yfirlit um fjármál félagsins og segjast verður að Leikklúbburinn Spuni stendur þar öllu betur en íslenska þjóðin.

Eins og ráðgert var í fundarboðinu var stjórnin endurkjörin enda enginn í stjórnarandstöðu og ekki orð um það meir.

Fundurinn var hinn skemmtilegasti og fundarkonur sammála um að stefna áfram að því að halda leiklistarnámskeið fyrir börn, æfa og sýna „alvöru“ leikrit, jafnvel barnaleikrit og setja upp Halloween ball fyrir börnin 2009 því ekki er ráð nema í tíma sé tekið. En nóg um börnin, það er heldur aldrei að vita nema það verði gert eitthvað skemmtilegt fyrir fullorðna fólki líka, ef fullorðið fólk fæst til þess.

Við minnum enn og aftur á að það eru allir velkomnir í leikklúbbinn.

Þetta er bara afþreying og löngu búið að afnema allar kröfur um leikræna hæfileika, - allt er hey í harðindum.

Stjórn Leikklúbbsins Spuna

## Hvað er þetta hvíta, er það ísbjörn?



Hvað er þetta hvíta, er það ísbjörn?

KLING !!!

Nei, þetta er amma Magga Rósa að fíflast, á Stórhöfða í Vestmannaeyjum, með miðlunginum og barnabarninu.

MRJ/Ritstj.

## Tónleikar

Þann 18. desember næstkomandi verða tónleikar með Sigrúnu Pálmadóttur og fleiri listamönnum í Beethovenhaus í Bonn. Sjá nánar á meðfylgjandi tilkynningu frá Martin Hahl í Frankfurt.

Cornelius | Schubert | Reger | Messiaen | u.v.a.

# Heilige Nacht

Sigrún Pálmadóttir Sopran  
Susanne Kessel Klavier

Donnerstag, 18. Dezember 2008, 20 Uhr  
Beethovenhaus, Bongasse 24-26, 53111 Bonn

Eintritt: 18,- / erm.) 10,- € | Karten an der Abendkasse | Kartenreservierung per email: media122@gmx.de

## Ísland í öndvegi

Alþjóðleg stuttmyndahátíð í Leuven - Ísland í öndvegi Dear Icelander,

We are proud to inform you about our "Iceland special" on the International Shortfilmfestival Leuven. The 14th edition of the Leuven Short Film Festival takes place from November 29 to December 6, 2008.

**Focus on Iceland.** Volcanoes, white mountain tops, lava fields, glaciers and geisers... the landscape of Iceland is desolate, raw and prosaic all at once. Despite a population of no more than 280.000, the island is home to an incredible amount of beauty. Musically, Björk and Sigur Rós have put the country on the map, but their film industry is impressive too.

Films such as "101 Reykjavík" - with a soundtrack by Damon Albarn - and "Noi Albinoi" did not go by unnoticed, and just last year the Sigur Ros documentary "Heima" made both music and film fans look into migrating.

What the festival has to offer at this year's edition is nothing short of delectable. Hundreds of strictly selected films straight from the petri dish of the film world. Besides the compilations in competition, IKL also presents a series of exceptional specials like the Comedy Shorts (humorous short films), Shorts for Kids, Animation Nations (international animation films), non-narrative film and video, and last but not least, Focus on Iceland, a special devoted to the Icelandic film industry. The land of Björk, Sigur Ros and desolate landscapes has a knack for producing breathtaking short films.

Want to know more about the festival and the films that will be screened?

WWW.SHORTFILMFESTIVAL.ORG (click right "English").

Fréttatilkynning frá Íslandsfélaginu í Belgíu  
Útgáfa er stytt af Ritstjóra

## Fyndið eða ?

An American said:

"We have George Bush, Stevie Wonder, Bob Hope, and Johnny Cash."

And an Icelander replied:

"We have Geir Haarde, no Wonder, no Hope, and no Cash."

Ritstjóri / Netið

## Kór og kvöldverður

Heimsókn kórs Íslendinga í Lundúnum 10. og 11. maí til 2008 Luxemborgar .  
Kvöldverður 10. maí og fermingarmessa 11. maí 2008.

Séra Sigurður Arnarson sóknarprestur okkar kom að þessu sinni til Luxemborgar með frítt föruneyti, fjórtán frábæra söngvara og undirleikara. Þau skemmtu í kvöldverðarboðinu á Arizona Lounge við góðar undirtektir og sungu við fermingarmessuna daginn eftir, Hvítasunnudag 11. maí.

Kirkjunefnd Íslendingafélagsins í Luxembourg stóð fyrir kvöldverði 10. maí 2008 í Arizona Lounge. Vilhjálmur Axelsson meistarakokkur sá um hlaðborðið sem var frábært, sjá tilkynningu á [www.islandus.net](http://www.islandus.net). Eyjólfur Hauksson og séra Sigurður buðu gesti velkomna og Þóra Hallgrímsdóttir kynnti dagskrána. Kór Íslendinga í Lundúnum ásamt einsöngvurum undir stjórn Þóru Hallgrímsdóttur sungu nokkur lög fyrir borðhald og eins undir borðhaldi "Íslensk ástarlög."

Fyrst söng Júlía Traustadóttir, "Þú ert" eftir Þórarinn Guðmundsson, Helgi Jóhannsson frábær söngvari að öðrum ólóstuðum flutti "Draumalandið" eftir Sigfús Einarsson, Guðbjörg Sandholt flutti "Þótt form þín hjúpi graflín" eftir Jón Ásgeirsson, og Þóra Hallgrímsdóttir flutti "Í Fjarlægð" eftir Karl Ó. Runólfsson. Undirleikari var Birna Hallgrímsdóttir. Saman söng kórinn eftirfarandi lög: Ó mín flaskan fríð, Blástjarnan, Visur Vatsenda-Rósu, Ég beið þín lengi lengi, Hjá lygnri móðu, Fyrir átta arum, og að lokum Hver á sér fegra föðurland. Þarna eru á ferðinni frábærir söngvarar og eiga eftir að gera garðinn frægan.

Stefán lék á hljómborð létt lög á milli atriða.

Í kór Íslendinga í Lundúnum eru:

Þóra Hallgrímsdóttir, stjórnandi, Birna Hallgrímsdóttir, undirleikari, Guðbjörg Sandholt, Júlía Traustadóttir, Helgi Jóhannsson, Þorgeir Svavarsson, Sted Stedman, Guðrún Hessler, Eva Gunnarsdóttir, Sólveig Jónsdóttir, Íris Von Björnsdóttir, Vera Júlíusdóttir, Guðríður Þorsteinsdóttir, Hafdís Bennet og Sesselja Árnadóttir.

Séra Sigurður Arnarson átti veg og vanda með aðstoð Þóru Hallgrímsdóttir að koma þessari dagskrá í verk og eiga þau og kórinn kærar þakkir skyldar fyrir framtakið.

F.h. kirkjunefndar  
Agnar Sigurvinsson

## Frá ritstjóra

Kæru lesendur

Ég vil af alúð þakka gott og skemmtilegt samstarf með ykkur öllum. Sérstakar þakkir til þeirra sem hafa sent inn efni í ritstjórnartíð minni.

Ný stjórn FÍL óskaði eftir því að ég ynni þetta tölublað Brúarinnar og ég vona að blaðið komi ykkur vel.

Bestu kveðjur,

Ritstjóri

## Kirkjunefnd FÍL

Séra Sigurður Arnarson, prestur Íslenska sendiráðsins í Lundúnum messaði í Luxemborg þann 12. október síðastliðinn.

Séra Sigurður þjónaði fyrir altari, Íris Þorkeldsdóttir leiddi kórsönginn við undirleik Ölmú Thomas. Agnar Sigurvinsson las ritningarlestur og lokabæn.

Ólafur Kjartan Sigurðarson óperusöngvari söng þrjú einsöngslög í messunni.



Séra Sigurður lagði í ræðu sinni út frá kraftaverkasögu um son konungsmanna sem Jesús læknaði. Jesús Kristur væri sá sami í dag og í gær þó aðstæður okkar í lífinu væru margbreytilegar. Hann ræddi fortíð og framtíð landsins okkar og þau auðævi sem Ísland á, eins og tungumálið og trúna á Guð.

Mjög athyglisverð ræða og viðeigandi á þessum síðustu og verstu tímum í erfiðleikum bankanna og starfsemi þeirra sem við höfum ekki farið varhluta af hér í Luxembourg.



Söngs Ólafs Kjartans var frábærlega vel tekið og kirkjugestir létu óspart þakklæti sitt í ljós með lófataki.

Kirkjugestur hafði orð á því eftir messu að þessi frábæri söngur Ólafs hafi notið sín vel og hljómburður sérlega góður í þessari fallegu kirkju og að í "Hamraborginni" hefði þakið nötrað í krafti söngsins!

Þess má geta að Ólafur Kjartan starfar við Óperuna í Saarbrücken næstu tvö árin og vonandi eigum við hérna í Luxembourg eftir að heyra frá honum á næstunni, en Saarbrücken er í um 90 km fjarlægð frá Luxembourg.

Agnar Sigurvinsson

## Íslensku jólabækurnar

Höfum í samvinnu við Sögur útgáfa og Forlagið ákveðið að bjóða "allar" helstu íslensku jólabækurnar fyrir jólin með pöntunarfyrirkomulagi.



FORLAGIÐ

JPV ÚTGÁFA / MÁL OG MENNING  
/ VAKA HELGAFELL / ÍÐUNN

Erum með yfir 200 titla þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi, auk þess sem hægt er að fá geisladiskinn Diddú og Terem og DVD diskinn "Trixin í takkaskónum" leiðsögn Margrétar Láru Viðarsdóttur knattspyrnukonu.



Við áætluð þrjár vörusendingar frá Íslandi fyrir jólin þannig að betra er að vera tímanlega með pantanir, en lokafrestur pantana er 8. desember. Þeir sem hafa áhuga á að notfæra sér þessa þjónustu er bent á að hafa samband við:

Laufey Vilhjálmisdóttir Torfi Rafn Halldórsson  
Sími 26 747 901 Sími 26 747 901  
(eftir kl. 17:00) (eftir kl. 17:00)  
Gsm 621 633 934 thalldorsson@williams-halls.co.uk  
laufeyvil@gmail.com

## Rúna og verk í víni

Vínræktendurnir Pattý og Armand sem reka fyrirtækið Maison Viticole SCHMIT- FOHL í



Ahn eru vel þekkt á meðal íslendinga í Luxembourg og þó víðar væri leitað.

"Rúna" opnaði enn eina sýninguna þann 20. nóvember hjá Pattý og Armand í

nýjum glæsilegum sal sem þau hafa útbúið til að taka á móti gestum.

Myndir Rúna sóma sér vel á veggjunum þar sem frekar lágt er til lofts og flest verkin frekar lág og ílög.

Rúna hefur notað hvítvín þeirra til að vinna með í verk sín.

Dagana 27.

- 30. nóvember

verður kynning á vínnum fyrirtækisins

"Fete des Vins et

Crémants" á Knuedler - Place Guillaume í

Luxembourg.

Maison Viticole Schmit - Fohl

Tel 760 231 E-mail hsf@pt.lu

Guðrún Benedikta Elíasdóttir

www.rbenedikta.com

Gsm +352 621 743 030

## Ráðagóðahornið

Ef börnin eru að perla og perlurnar fara út um allt þá er bara að skella nælonsokk á ryksuguna og sjúga perlurnar upp, taka sokkin og tæma í perluboxið.

Sitrónudropar eru góðir til að ná upp límmiðaklessum og líka límklessum úr hári.

Ef lím eða vax fer í fötin, setjið dagblað yfir blettinn og straujið yfir á lágum hita.

Notið kók og álpappír til þess að láta ryðgaða krómaða hluti líta betur út.

Sjóðið vatn, hellið í bala, setjið álpapparsræmur út í, smá slettur af matarsóða og setjið svo silfrið úti. Slakið á meðan silfrið hreinsast sjálft!

Ritstjóri / Netíð o.fl.

## Skata og hangikjöt



Fiskbíllinn kemur til Luxembourg þann 13. desember og verður í Junglinster á milli kl. 12:00 og 13:00 með fullt af fiski, lambalærum, lambahryggjum, rækjum og svo það allra nýjasta og frábært fyrir jólin, þá leynist í bílnum hangikjöt og ekta vestfirsk skata! Pantíð tímanlega.

Tel +49 4298 466 826  
Mobil +49 176 210 480 66  
icekost@t-online.de  
www.icekost.de

## Tilkynning

Vekjum athygli fjárfesta og þeirra sem eru að flytja til Íslands á einstaklega vel staðsettri lóð á besta stað í Fossvoginum.

Lóðin er á fallægum, skjólsælum skógræktarreit í grónu umhverfi og í beinum tengslum við útivistarsvæðin í Nauthólsvík, Öskjuhlíð og Fossvogs- og Elliðaárdal. Auk þess sem nýji Háskólinn í Reykjavík er í göngufæri.

Lóðin er staðsett á miðpunkti höfuðborgarsvæðisins og stutt er í alla þjónustu.

Byggingarmagn er allt að 540 m<sup>2</sup>. Bent er á að gera má mjög fina garða, bæði á lóðinni, á þaki bílskúrs og bakgarð.

Arkitektaráðgjöf og teikningar geta fylgt.

Upplýsingar veitir Inga Dagfinnsdóttir, sími +354 696 3540 / 552 1822 eða í e-maili idesign@internet.is

Kári Jónsson

## Klæðskeri og kjólahönnuður

Íslenskur klæðskeri og kjólahönnuður er komin til Luxembourg.

Í september flutti til Luxembourg Berglind Ómarsdóttir klæðskeri og kjólahönnuður. Hún hefur áralanga reynslu í faginu og var meðal annars valin klæðskeri ársins 2007 af Samtökum iðnaðarins á Íslandi.



Berglind rak sitt eigið fyrirtæki "Kjöll og klæði ehf" á Íslandi með góðum árangri og hún hefur hannað og saumað föt á ýmsa þjóðkunna Íslendinga. Hún hefur tekið þátt í mörgum sýningum og hafa umsagnir og myndir af verkum

hennar birst í fjölmiðlum á Íslandi.

Berglind hefur komið sér upp aðstöðu á heimili sínu í Strassen og hafi einhverjir áhuga á að nýta sér þjónustu hennar er þeim bent á að hafa samband við hana í síma 621 430 926.

Heimasíða með myndum er í vinnslu en öllum er velkomið að heimsækja hana og sjá það sem hún hefur verið að gera.

Fréttatilkynning

## Skandinavian Day

Sækið Trier heim í byrjun aðventu og fáið ykkur heitt glögg, vöffur og hina hefðbundnu skandinavíska rétti í skemmtilegri stemningu á þessum sameiginlega degi nágðanna okkar. Opíð er frá 10:00 til 18:00 laugardaginn 29. nóvember næstkomandi

Viking Adventures Paulinstr. 25 D-54292 Trier

## Dagurinn er góður

Ég vakna þennan morgun og vel að hann sé góður vel að hann sé yndislegur, myrkur og hljóður ég vel að kúra um stund og staðnæmast við það hve stórkostlegt sé lífið ef fátt amar að.

Ég ákveð því að velja að vandamálin fá vistuð séu hjá mér til þess eins að ljá tilverunni ennþá fleiri tilbrigði og fleti ég tek þeim opnum örmum svo nýtt mér þau ég geti.

Ög eftir litla stund ég vel að fara á fætur faðma þennan morgun og allar hans rætur hita mér gott kaffi af kærleik þess ég nýt kex smyr með osti í blöðin svo ég lit.

Að endingu ég segi við þig sem þetta lest þetta er góður dagur, hafðu það sem best ég óska þess að hugsanir fallegar þig finni ég faðmleg þér sendi og kveð þig að sinni.

Höf. ókunnur

## Fæðingar í Luxembourg

Venjulega eru tilkynningar um fæðingar barna í Luxembourg á síðu fjögur í Brúnni en nú hafa verið svo margar fæðingar í landinu að það var ekki pláss til að setja þetta á sinn venjulega stað.

FÍL sendir hamingjuóskir til ykkar allra með ósk um bjarta framtíð.



Ásgeir Guðmundsson og Gyða Sigríður Einarsdóttir eignuðust soninn Guðmund Tómas þann 18. mars síðastliðinn, Hann var 3255 gr. og 50 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Hulda Guðný Valsdóttir og Jón Helgason eignuðust soninn Hannes þann 24. júlí síðastliðinn.

Við óskum þeim til hamingju.

Elín Valsdóttir og Þórður Emil Ólafsson eignuðust soninn Ísak Davíð þann 18. september síðastliðinn. Hann var 3850 gr. og 51 cm.

Við óskum þeim til hamingju.

Baldur Brynjarsson og Anita Dummong eignuðust dótturina Leonie þann 17. maí síðastliðinn. Hún var 3180 gr. og 52 cm.

Við óskum þeim til hamingju.

Kolbrún Brynjarsdóttir og Alex Koob eignuðust dótturina Emmu Dögg þann 1. júlí síðastliðinn. Hún var 3080 gr. og 51 cm. Emma Dögg er skírð í höfuðið á Dögg Björnsdóttur.

Við óskum þeim til hamingju.

Sigurbjörn Guðmannsson og Christine Julia Wirtz eignuðust dótturina Lilju Kristínu þann 14. júlí síðastliðinn. Hún var 3630 gr. og 49,5 cm.

Við óskum þeim til hamingju.

Móeiður Iða Sigurðardóttir og Pierre Block eignuðust soninn Ríkarð Aron þann 14. júlí síðastliðinn. Hann var 3270 gr. og 51 cm.

Við óskum þeim til hamingju.

Sigríður Torfadóttir og Björn Ágúst Björnsson eignuðust soninn Kormák Dag þann 18. júlí síðastliðinn. Hann var 4810 gr. og 55 cm.

Við óskum þeim til hamingju.

Kristín Pétursdóttir og Sveinn Helgason eignuðust soninn Sólon Hugo þann 11. nóvember síðastliðinn. Hann var 3690 gr. og 50 cm.

Við óskum þeim til hamingju.

Ritstjóri



## Félag Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg  
12 enner der Haerdchen  
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:  
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri  
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður  
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000  
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

# BRÚIN

[www.islandus.net](http://www.islandus.net)

## Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2008-2009

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	621 142 060	fil@islandus.net
Ingvi K. Guttormsson	350 206,	621 295 185	ikg@pt.lu
Óskar Bragi Sigþórsson	26 945 006,	691 348 737	oskars@islandus.net
Elsa Dórothea Kjartansdóttir	26 684 323,	621 572 779	elsakja@simnet.is
Katrín Helga Guðbrandsdóttir	26 68 7277,	661 277 954	katrinhelga@gmail.com
Sigrún Þorgilsdóttir	26 782 229,	691 552 040	bjorn@pt.lu

## Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elsa Dórothea Kjartansdóttir	621 572 779	elsakja@simnet.is
Dagný Broddadóttir	621 541 292	dagny@vma.is

## Stjórn Kirkjunefndar 2008-2009

Eyjólfur Hauksson	formaður,	768 545
María Huesmann		358 556
Sólveig Stefánsdóttir		789 341
Agnar Sigurvinsson		435 183

## Stjórn leikklúbbsins Spuna

Inga Hrefna Kristjánsdóttir	formaður,	691 598 598	ingahr@pt.lu
Stella Jóhannesdóttir	ritari,	357 064	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri,	780 510	iristhorkels@yahoo.co.uk

## Stjórn Íslandsdeildar Basar International í Luxembourg

Herdís Þórisdóttir (Dísa)	formaður	350 206	621 376 290
Ingunn Guðmundsdóttir	gjaldkeri,	26 945 006	691 741 858
Guðný V. Benediktsdóttir	(innkaupast.),		661 200 206
Tekla Skowronski		455 721	
Hjördís Ingvarsdóttir		26 350 832	621 485 563
Laufey Vilhjálmsdóttir		26 747 901	621 633 934
Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir		26 785 903	691 964 040

## Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

## Litlu dálkarnir

### Smáauglýsingar

#### Til sölu

Ungbarnastóll frá Jané (svipaður Maxi Cosy stóll) til sölu á 90€, ónotaður, dökkgrár með limegrænu. Upplýsingar veitir Vala í síma 621 674 427.

#### Jólabækurnar

Á bls. 4 hér í Brúnni má sjá tilkynningu frá Laufey og Torfa um íslensku jólabækurnar frá Forlaginu og Sögum útgáfu. Pantið tímalega.

#### Íslenskur fiskur o.fl.

Íslenskur fiskur og kjöt er til sölu hjá Icekost og fyrirhugað er að koma með skötu að vestan og hangikjöt í næstu ferð. Pantið tímalega. Netfang: icekost@t-online.de símar eru +49 4298 466 826 og +49 176 210 480 66.

#### Símaskrá

##### Breytingar

Ásmundur Garðarsson  
Jónína Hjörleifsdóttir  
Auf Feiser 33  
D-54292 TRIER  
Sími +49 (0) 651 146 0331  
E-mail  
Asmundur.Gardarsson@cargolux.com

##### Nýjir meðlimir

Ari Daniélsson  
Halldóra Guðmarsdóttir  
47 rue Raoul Follereau  
L-1529 CENTS  
Sími 2799 3741  
Gsm AD 621 555 174  
Gsm HG 621 228 686  
Email aridan@glitnir.is  
halldora.gudmarsdottir@gmail.com

Börkur Bjarnason  
Katrín Amni Friðriksdóttir  
20 Allée du Carmel  
L-1354 LUXEMBOURG  
Gsm BB 621 255 425  
Gsm KAF 621 255 405  
E-mail borbja@gmail.com  
E-mail katrinamni@gmail.com

#### Sigurður Kristinn Egilsson

Jóhanna Hjartardóttir  
Rue des Etats-Unis  
L-8316 OLM  
Gsm SKE 621 318 192  
Gsm JH 621 634 047  
E-mail sigurdur.egilsson@kaupthing.lu  
E-mail johannahjarta@hotmail.com

#### Sigurgeir Þorbjarnarson

Berglind Ómarsdóttir  
7 rue de la Solidarite  
L-8020 STRASSEN  
Sími 2631 3090  
Gsm SP 621 438 710  
Gsm BÓ 621 430 926  
E-mail siggiv@gmail.com  
E-mail berglind@vido.is

#### Fæðingar

Í fyrsta skipti í sögu Brúarinnar þá þarf að flytja tilkynningar um fæðingar barna í Luxembourg yfir á aðra síðu þar sem fjöldi barna hefur fæðst síðan síðasta Brú var gefin út. Við gerum þessu skil á bls. 5 í þessari Brú. Við óskum öllum þessum fjölskyldum til hamingju með nýja fjölskyldumeðliminn.

#### Áhugaverðar heimasíður

[www.adclux.info](http://www.adclux.info)  
[www.dohop.com](http://www.dohop.com)  
[www.ets.lu](http://www.ets.lu)  
[www.e-ticket.lu](http://www.e-ticket.lu)  
[www.flibco.com](http://www.flibco.com) (rútan á Hahn)  
[www.katabox.com](http://www.katabox.com)  
[www.luxembourgticket.lu](http://www.luxembourgticket.lu)  
[www.popconcerts.de](http://www.popconcerts.de)  
[www.rbenedikta.com](http://www.rbenedikta.com)  
[www.show.lu](http://www.show.lu)  
[www.topsquash.lu](http://www.topsquash.lu)  
[www.thorunn.lu](http://www.thorunn.lu)  
[elvabjorg.blog.is](http://elvabjorg.blog.is)

#### Ísland

[www.draumur.is](http://www.draumur.is)  
[www.ferming.is](http://www.ferming.is)  
[www.fondra.is](http://www.fondra.is)  
[www.gulalanan.is](http://www.gulalanan.is) /nota leitarlínu  
[www.litirogfondur.is](http://www.litirogfondur.is)  
[www.nyjaland.is](http://www.nyjaland.is)  
[www.postur.is](http://www.postur.is)

Börnin búa til sín eigin orðtök, málshætti eða mismæla sig, skoðum nánar;

“Oft er dáíð fólk lík.”